

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Bjarna Thoroddsen
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2018

Efni: Fyrirspurn frá borgarráði frá 25. október 2018.

Vísað er til tölvupósts dags. 5.11. s.l. þar sem óskað er svara við neðangreindri fyrirspurn:

“BORGARRÁÐ 25. október 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um kostnað Faxaflóahafna vegna framkvæmda við hús sjávarklasans - R18100323
Hver var kostnaður Faxaflóahafna vegna framkvæmda við húsið sem Sjávarklasinn er í? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum vegna kostnaðar við efri hæð og mathallarinnar á neðri hæðinni.”

Svar:

Faxaflóahafnir sf. létu framkvæma á árunum 2012 til 2018 umfangsmiklar endurbætur á húseigninni Bakkaskemmu, Grandagarði 16.

Efri hæð hússins var áður iðnaðarhúsnæði með skrifstofuaðstöðu í öðrum endanum. Neðri hæðin hýsti áður geymslur, snyrtingar og vélaverkstæði.

Húsið var allt klætt utan og skipt um allar hurðir og glugga í þeim hluta sem endurnýjaður var. Skipt var um allar lagnir og efri hæðinni, alls 2.534 fermetrum, breytt í skrifstofuhúsnæði sem rýmir nú starfsemi sjávarklasans. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Sjávarklasans eru fyrirtæki í húsi sjávarklasans um 65 og starfsmenn um 120.

Á neðri hæð var skipt um allar lagnir, gólf endursteypt og komið upp loftræsikerfi. Neðri hæðin er 658 fermetrar og þar voru gerðar rýmri aðkomur með tveimur fólksflutningalyftum, sorpgeymsla, geymslur, böð og snyrtingar auk þess sem húsnæðis sem rýmir Granda mathöll. Húsnæði Granda mathallar er alls 462 fermetrar. Grandi mathöll kostaði sjálf allar innréttingar í sal. Auk sjávarklasans er Fiskmarkaður Íslands, Veifaræragæð Reykjavíkur og Raftíðni með húsnæði á leigu í húsinu.

Alls voru endurnýjaðir 3.192 fermetrar af húsnæði en í heild er Bakkaskemman 5.258,5 fermetrar.

Ár	Fjárhæðir
2011	1.818.262
2012	148.311.151
2013	154.784.221
2014	106.630.703
2015	38.860.246
2016	0
2017	65.605.130
2018	60.881.246

Heildarkostnaður við endurnýjunina reyndist 576.890.959 kr. Þar af fóru 126.484.376 kr., í kostnað við þann hluta sem hýsir nú Granda mathöll.

Þar sem leigutakinn hefur samþykkt frjálsa skráningu og greiðslu virðisaukaskatts af leigugjaldi þá er innskattur nýttur. Allar fjárhæðir eru því án virðisaukaskatts.

Þessa framkvæmdir voru unnar með alls fimm verksamningum í kjölfar opinna útboða og var samið við lægstbjóðanda í öllum tilvikum.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri